

L Ö G

54.

8. sept.

um

breyting á lögum um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

c-liður 3. gr. laganna orðist þannig:

að hann sanni með skýrslu um eignir sínar og skuldir, staðfestri af skattanevnd, að hann eigi svo mikil efni, sem nauðsynleg eru til búskaparrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist þær byggingar, er nauðsynlegar eru fyrir ábúð á henni.

2. gr.

- a. Aftan við fyrri málsg. 4. gr. laganna bætist: Þó skal sjóðstjórninni heimilt að veita lán til þess að reisa allt að 5 slík nýbýli á ári hverju.
- b. Síðari másl. greinarinnar falli niður.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Lán til þess að reisa nýbýli á óræktuðu landi eða landi, sem að nokkru leyti hefir verið ræktað af lantakanda sjálfum síðustu fimm árin, skulu ávaxtast og endurgreiðast með jöfnum greiðslum þannig, að árlegt gjald af allri lánsfjárhæðinni sé 3½% í 50 ár. Lán þessi skulu standa án afborgunar og vaxta fyrstu fimm árin.

Öll önnur lán úr sjóðnum skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Lán til endurbygginga samkv. 4. gr. mega þó ekki fara fram úr 10 þús. kr. til sama manns.

5. gr.

Í stað orðanna í 1. málsg. 9. gr. laganna: „4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs“ komi: 5% landverðs að viðbættum 4% húsaverðs.

54

8. sept.

6. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Stjórn sjóðsins er heimilt að lána til nauðsynlegra bygginga á fjórum fyrirmyndarbúum, einu í hverjum fjórðungi, með sömu lánskjörum sem til nýbýla, gegn afgjaldskvöð, að því tilskildu, að stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með stofnun þeirra og hafi sjálf yfirumsjón með rekstri þeirra. Til hvers bús má ekki lána yfir 20 þúsund krónur.

7. gr.

Fyrri málsgr. 18. gr. laganna falli burt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

55

8. sept.

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 45 1929, um verkamannabústaði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er stofnaður byggingarsjóður samkvæmt 1. gr., og aflast honum þá fé sem hér segir: